



Borgarráð

Svar við 5. lið fyrirspurnar borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna kynningarmála.

Á fundi borgarráðs 31. mars sl. var lögð fram fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna kynningarmála. 5. liður fyrirspurnarinnar er svohljóðandi:

Hvernig mun borgin standa að kynningarmálum vegna sveitarstjórnarkosninga 14. maí 2022 og hver er áætlaður kostnaður vegna þeirra? Stendur til að hafa áframhald á aðgerðum frá árinu 2018 sem miðuðu að því að örva kosningabátttöku ákveðinna hópa og reyndust brjóta gegn ákvæðum þágildandi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga?

5. liðnum var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjórnar sem annast framkvæmd almennra kosninga í Reykjavík.

Kosningar til borgarstjórnar sem fram fara 14. maí nk. verða fyrstu kosningarnar sem framkvæmdar eru í samræmi við ákvæði nýrra kosningalaga nr. 112/2021. Í lögunum er að finna reglur um lögbundnar auglýsingar vegna framkvæmdar kosninga s.s. vegna kjörskrár, móttöku framboða o.s.frv.

Reykjavíkurborg og yfirkjörstjórn sveitarfélagsins hafa það hlutverk samkvæmt lögunum að annast auglýsingar í dagblöðum s.s. á aðsetri yfirkjörstjórnar á kjördag og kjörstöðum í Reykjavík. Skrifstofa borgarstjórnar hefur einnig í auknum mæli notast við vefsíðu borgarinnar: www.reykjavik.is/kosningar til að koma á framfæri upplýsingum til kjósenda en að öðru leyti eru helstu póstar í kynningarmálum eftirfarandi:

- Á kjördag er starfrækt upplýsingaver í Ráðhúsi allan daginn þar sem símtölum er svarað á meðan kjörfundur stendur yfir.
- Upplýsingar um kjörsókn eru jafnframt uppfærðar á klukkutíma fresti á meðan kjörfundur stendur yfir.
- Að kjörfundi loknum er streymt beint frá framkvæmd talningar í Laugardalshöll þar til yfir lýkur.
- Kosningaúrslit eru birt á vefsíðu Reykjavíkurborgar að talningu lokinni.

Fyrir borgarstjórnarkosningar árið 2018 samþykkti borgarráð sérstakt átak til að auka kosningabátttöku. Borgarráð hefur ekki tekið neinar slíkar ákvarðanir fyrir þessar kosningar.

Virðingarfyllt,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar